

Alþingi
Erindi nr. P 137/106
komudagur 5.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 05. júní 2009
2009060002/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur, breyting á gildandi lögum

Vísað er til bréfs frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 27. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.18/1996 um erfðabreyttar lífverur, 2. mál, upplýsingar til almennings, EES reglur. Eins og rakið er í athugasemdum við frumvarpið er um að ræða lagabreytingu með vísun til tilskipunar evrópusambandsins 2001/18/EB, sem kom í stað tilskipunar 90/220/EB

Tilskipun 2001/18/EB innleiðir m.a. ítarlegri málsmeðferðarreglur er áður giltu þar sem réttur almennings til aðkomu að málum er varðar erfðabreyttar lífverur er aukinn og ber að fagna því sérstaklega. Tilskipunin tekur á fleiri mikilvægum þáttum og er aðildarríkjum ESB og þeim löndum sem heyra undir EES samninginn m.a. gert að innleiða nokkrar meginreglur í umhverfis- og náttúruvernd í sambandi við framkvæmd laga um erfðabreyttar lífverur. Meðal annars skulu allar aðgerðir í umhverfismálum byggjast á þeirri meginreglu að þær séu til forvarnar. Til að uppfylla þetta skilyrði er komið á sameiginlegri aðferðafræði til að meta umhverfisáhættu vegna erfðabreyttra lífvera, tekið skal tillit til varúðarreglunnar (e. Precautionary Principle) við framkvæmd tilskipunarinnar, en þar er vísað í 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar, og tekið er tillit til hluta þeirra krafna sem gerðar eru í Kartagena-bókuninni um líföryggi en bókunin var gerð við samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Ísland er aðili að þeim samningi og hefur jafnframt undirritað Kartagena-bókunina þó hún hafi ekki verið fullgilt. Kartagena-bókuninni er m.a. ætlað að tryggja viðhlítandi verndarstig hvað varðar öruggan flutning, meðhöndlun og notkun á lífandi erfðabreyttum lífverum sem kunna að hafa skaðleg áhrif á verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni, sem og heilsu manna.



Náttúrufræðistofnun Íslands styður eindregið framangreint frumvarp og telur það mikið framfaraspor að inn í markmiðssetningu laganna, 1. gr., sé bætt við því meginmarkmiði að vernda líffræðilega fjölbreytni í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Af þessu tilefni þykir rétt að benda á að þetta markmið vantar í lög um náttúruvernd.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

